

Ársskýrsla leikskólans
Kirkjubóls



Skólaárið 2014-2015

EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit	1
Inngangur	2
Tölulegar Upplýsingar	2
Barnahópurinn.....	2
Starfsmannahópurinn	3
Innra Starf	3
1. Njóta starfsins með börnunum	3
2. Þema skólaársins var vinátta.....	4
3. Að halda áfram innleiðingu uppeldis til ábyrgðar og uppbyggingu sjálfsaga.....	7
4. Jóga og slökun með öllum börnum leikskólans.....	7
5. Upplýsingaflæði til foreldra – deildarsíður virkar á heimasíðu leikskólans, fréttir og myndir úr starfinu.	8
Annað	9
Breytingar á deildum	9
Foreldrasamstarf	9
Starfsmannahald – námskeið / endurmenntun.....	11
Öryggis- og slysamál	12
Húsnæði og viðhald	13
Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla - Brúum bilið	14
Lokaorð	14

INNGANGUR

Samkvæmt lögum um leikskóla frá árinu 2008 skal leikskólastjóri gera rekstraraðilum og sveitarstjórn grein fyrir starfsemi leikskóla í ársskýrslu.

Ársskýrsla þessi tekur til skólaársins 1. september 2014 - 31. ágúst 2015 og byggir að miklu leiti á starfsáætlun skólaársins.

TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR

BARNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2014 voru 60 börn í 68,2 barngildum og með 477 dvalarstundir, þar af voru 35 drengir og 25 stúlkur. Barnafjöldinn skiptist á 3 deildar á eftirfarandi hátt:

- 17 börn á Kanínudeild en þar eru yngstu börnin, þetta árið brá svo við að 2013 árgangurinn komst ekki inn í skólann og því voru börnin 2 og 3 ára á deildinni
- 22 börn á Kisudeild þar eru 3 – 4 ára börn
- 21 barn á Bangsadeild þar eru 4 - 6 ára börn

Alls voru 9 börn fædd árið 2012, þar af eru 5 stúlkur og 4 drengir

Alls voru 19 börn fædd árið 2011, þar af eru 8 stúlkur og 11 drengir

Alls voru 19 börn fædd árið 2010, þar af eru 10 stúlkur og 9 drengir

Alls voru 13 börn fædd árið 2009, þar af eru 2 stúlkur og 11 drengir

Börnin áttu rætur að rekja til 7 landa sem eru: Danmörk, Pólland, Ungverjaland, Sri Lanka, Rússland og Ísland. Tungumálin sem börnin tala auk íslensku eru: danska, pólska, shinhalíska, rússneska og ungerska.

Eitt barn var í atferlisþjálfun, annað fékk sérstakan stuðning og að auki fengu 15 börn sérstaka handleiðslu hjá sérkennslustjóra sem snéri að málörvun, einbeitingu, þjálfun í fínhyfingum, grófhreyfingum og félagsfærni svo eitthvað sé nefnt.

STARFSMANNAHÓPURINN

Hinn 1. desember 2014 voru samtals 18 starfsmenn í 15.10 stöðugildum í leikskólanum sem skiptust þannig:

- 10 leikskólakennarar, þar af einn í veikindaleyfi
- 5 leiðbeinendur
- 1 sérkennslustjóri/leikskólasérkennari
- Einn með BS í sálfræði við sérkennslu
- 1 matráður

Starfsfólk átti rætur að rekja til 5 landa sem eru: Suður- Kórea, Filippseyjar, Mauritius, Rússland, og Ísland.

INNRA STARF

Umfjöllun um innra starf er tengd við starfsáætlun Kirkjubóls fyrir skólaárið og meðal annars stuðst við endurmat frá starfsfólki og viðhorfskönnunum á helstu verkefnum vetrarstarfsins. Sett voru niður fimm meginmarkmið fyrir vetrarstarfið.

1. NJÓTA STARFSINS MEÐ BÖRNUNUM

Veturinn var fyrsti vetur okkar með breytta aldurssamsetningu deild, þar sem Bangsadeild varð deild með 4-6 ára börn, Kisudeild varð miðdeild með 3-4 ára börn og Kanínudeild var óbreytt með yngstu börnin. Í vetur var reyndar óvenjuleg staða þar sem börnin sem komu inn í leikskólann voru eldri en áður.

Segja má að starfsfólkið sé almennt sammála að vel gangi að njóta starfsins með börnunum þar sem þeir telja mikilvægt að skipta þeim í litla hópa til að allir fái notið sín sem best. Að vanda var mikið sungið þetta skólaárið, leikið úti og inni, farið í gönguferðir, skapað, dansað og heilmikið starf unnið. Því miður var veturinn erfiður

veðurfarslega séð og oft blésu vindar hraustlega sem bæði hafði áhrif á útiveru og gönguferðir en elstu börnin hefðu sem dæmi viljað komast oftast í vettvangsferðir og í hraunið.



Mikilvægt er að fara reglulega yfir verklag, hvað við gerum, hvernig og hvers vegna til að allir fái að njóta sín bæði börn og starfsfólk. Opín samræða, samvinna, deildarfundir og gott upplýsingaflæði skiptir því miklu máli í starfinu og að við starfsfólkið séum meðvitað um að sátt, glöð og ánægð börn eru móttækilegri fyrir fjölbreyttu námi í leikskólanum.

2. ÞEMA SKÓLAÁRSINS VAR VINÁTTA

Ákveðið var að þema skólaársins myndi tengjast þróunarverkefni sem leikskólinn var þátttakandi í þetta skólaárið í samvinnu við Barnaheill á Íslandi. Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa gert samstarfssamning við systrasamtökin Red Barnet í Danmörku og Mary Fonden um notkun námsefnisins **Fri for Mobberi** sem er forvarnarverkefni gegn einelti fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Barnaheill hafa þýtt, staðfært og framleitt það efni sem ætlað er leikskólum og hefur verkefnið hlotið nafnið **Vinátta** á íslensku. Leikskólinn Kirkjuból ásamt fimm öðrum leikskólum var valinn sem frumkvöðlaleikskóli til að nota efnið veturinn 2014 – 2015 og prófa það áður en það væri tekið til almennra notkunar í leikskólum landsins. Barnaheill sá um að fræða og þjálfa starfsfólkið í notkun efnisins og fóru þrír starfsmenn á tveggja daga námskeið í byrjun október mánaðar 2014.

Verkefnið var unnið á öllum þrem deildum leikskólans og voru því öll börnin, 60 talsins þátttakendur í því. Starfsmenn deildanna auk sérkennslustjóra voru einnig þátttakendur í verkefninu á einn eða annan hátt. Verkefnastjóri og tengiliður við Barnaheill var Anna Bjarnadóttir aðstoðarleikskólastjóri en hún sá um innleiðingu á Bangsadeild með elstu börnunum. Hrönn Pétursdóttir deildarstjóri á Kisudeild hafði yfirumsjón yfir starfinu á þeirri deild og Margrét Geirsdóttir deildarstjóri hafði yfirumsjón yfir verkefninu með yngstu börnunum á Kanínudeild. Þessir þrír aðilar unnu náið saman, gerðu áætlanir, upplýstu og fræddu samstarfsfólk og farið var yfir stöðu verkefnisins reglulega. Reglubundnir fundir voru jafnframt haldnir yfir veturinn þar sem fulltrúar þátttökuskóla og Margrét Júlía Rafnsdóttir verkefnisstjóri Barnaheilla hittust og fóru yfir stöðu verkefnisins. Leikskólinn Kirkjuból er með leiðarljósin **Virðing**, **Vinátta** og **Væntumþykja** í starfinu og lögðu áhersla á að þessi hugtök séu í heiðri höfð þannig að allir séu meðvitaðir um að unnið sé eftir þeim. Einkunnarorðunum fylgja markmið og

leiðir til að sýn okkar sé skýr varðandi þau. Segja má að áherslur vináttuverkefnisins hafi því átt vel við í leikskólanum og mikilvægt að skerpa á gildi góðra samskipta, umburðarlyndi, vináttu og virðingu fyrir öðrum. Starfsmenn voru spenntir að fá nýtt efni í hendurnar til að vinna með og var mikil ánægja innan skólans að fá að vera með í þessu verkefni.

Þema ársins tengdist beint þróunarverkefninu en unnið var með þemað á þann hátt að það varð rauður þráður yfir skólaárið þar sem áhersla var lögð á að tengja það námssviðum leikskólans á fjölbreyttan máta. Verkefnið átti góðan samhljóm með einkunnarorðum leikskólans, sungnir voru söngvar um vináttu, gerðar vináttumyndir, unnið með vináttuhugtök í tengslum við lesmál, lesnar vinasögur og að sjálfsgöðu unnið með kennsluefnið sem fylgir verkefninu í sérstökum vinastundum þar sem áherslan var á samræður og nudd.



Vel gekk að tengja verkefnið inn í námssvið leikskólans og samhljómur í starfsmannahópnum um ágæti þess. Allir starfsmenn telja ríka ástæðu til að halda verkefninu áfram og ánægja með kennsluefnið. Sérstakur kynningarfundur var fyrir foreldra í aprílmánuði þar sem foreldrar tóku þátt í umræðum og fengu að kynna kennsluefninu. Mæting á þann fund hefði mátt vera meiri en mikilvægt engu að síður að bjóða upp á kynningu á efninu enda krefst verkefnið samvinnu foreldra og starfsmanna. Aðstoðarleikskólastjóri kynnti einnig efnið á leikskólastjórafundi og fékk birtan pistil um það í Garðapóstinum.

Starfsfólk leikskólans endurmat vináttuverkefnið á skipulagsdegi í maí, þar kom fram að vináttuverkefnið hafði að mati allra gengið vel. Upp komu vangaveltur um hvort mögulegt væri að tengja það inn í fleiri stundir án þess að hafa sér vináttustund eins og t.d. byrja alltaf vinnustundir/hópastarf eða samverustundir á því að ræða vináttu og ræða spjöldin og hengja þau upp á vegg. Einnig kom fram að gott væri að hafa markvissara fyrir alla hvaða gildi er verið að vinna með á hverri stundu, þá viku eða mánuð í senn og hafa það samræmt á milli deilda. Mikilvægt er að mati starfsfólks að grípa tækifærin þegar þau gefast í daglegu starfi til að vinna með efnið t.d. þegar börnin lenda í árekstrum sín á milli. Gott þótti að hafa vinastundir á morgnana en mikilvægt að varast að hafa hópana of stóra með yngstu börnunum. Starfsfólk hefði gjarnan viljað nýta sér handbókina betur en gert var og þar er ef til vill tímaleysi um að kenna. Margar góðar hugmyndir eru í heftinu til að

vinna með og gott að skipuleggja betur t.d. fyrir hverja önn nákvæmlega hvaða verkefni eigi að vinna fyrir utan spjöldin og nuddsögurnar.

Skráningarblöð voru útbúin og sett í hverja tösku ásamt stílabók. Skráðar vinastundir á elstu deild voru 21 stund en þar voru 22 börn seinni hluta vetrar. Á miðdeild voru skráðar 23 vinastundir og þar voru 22 börn í vetur og á yngstu deildinni voru fáar stundir skráðar en þar voru 17 börn í vetur. Oft er erfitt að finna tíma fyrir skráningu strax í lok stundar, sérstaklega þegar haldið er utan um hóp með yngstu börnunum. Samt sem áður er mikilvægt að reyna að halda utan um hvað var gert í hverri stund, hvað gekk vel og hvernig börnin tóku þátt. Starfsmönnum fannst vera markvissara og betra að sami starfsmaður væri með stundina og því sáu þessir þrír starfsmenn leikskólans sem fóru á námskeiðið að mestu um vinastundirnar í vetur. Eftir á að hyggja hefðu þessir þrír starfsmenn átt að finna oftar tíma til skrafs og ráðagerða og vinna meira saman að innleiðingunni en var gert.

Starfsfólk var sammála um að efnið henti síst með börnum á yngstu deildinni en þau nutu engu að síður mjög góðs af því. Nuddið var vinsælt og litlu bangsarnir ásamt stóra Blæ. Gott er að „ráð til foreldra“ veggspjöld séu sýnileg á öllum deildum. Velta má vöngum yfir því hvort nægilegt sé að verkefnið byrji á þann máta með yngstu börnunum að þau fái litla Blæ, unnið sé með nuddsögur en ef til vill ekki verið að vinna með spjöldin sjálf fyrir en börnin koma á miðdeildina. Þetta er eitthvað sem við eigum eftir að ákveða fyrir næsta vetur.



Vinnuferlið í þróunarverkefninu

Á opnu húsi mátti sjá fjölmörg verkefni sem tengdust vináttu og vinna barnanna því gerð sýnileg.

Almenn ánægja var með þróunarverkefnið í heild sinni. Starfsmenn telja sig hafa betri skilning á einelti, vita meira út á hvað verkefnið gengur og vilja halda áfram vinnu með það markvisst á miðdeild og elstu deild. Einnig er áhugi að tengja það meira inn í annað hópastarf og þurfa ekki að hafa það ávallt í sér stundum heldur samtvinnu með öðrum verkefnum í tengslum við lífsleikni í leikskóla. Mikilvægt er að hefja forvarnarstarf strax

á leikskólastigi með því að vinna með góðan skólabrag, jákvæð samskipti, vinsemd og virðingu fyrir fjölbreytni í nemendahópnum.

3. AÐ HALDA ÁFRAM INNLEIÐINGU UPPELDIS TIL ÁBYRGÐAR OG UPPBYGGINGU SJÁLFSAGA

Þessi vinna datt að mestu til niður vegna vináttuverkefnisins en þessi verkefni tóna vel saman. Agamál voru engu að síður mikið rædd í starfsmannahópnum og mat okkar að það þurfi að samræma enn frekar en nú er gert vinnubrögð og viðbrögð er varða agamál. Útbúin var einföld agastefna sem setur aðeins línurnar en mikilvægt er að allir starfsmenn séu samstíga og að vinnubrögð séu samræmd t.d. á útisvæði og á fleiri svæðum. Reglur þurfa að vera skýrar og einfaldar og teljum við vináttuverkefnið vera mikilvægan hlekk í að efla ábyrgð barna og byggja upp samskipti á jákvæðan máta þar sem við eflum börn í lausn vandamála. Innleiðingarvinnan sjálf þarf hins vegar að fá meira vægi, aukinn tíma, nánari umræðu í starfsmannahópnum og frekari fræðslu til handa starfsmanna og verður því að gefa tíma fyrir það. Við endurmat á starfinu kemur fram að agamálin eru ofarlega á baugi og mikilvægt að starfsmenn séu samstíga í að taka á þeim málum, þar sem börnin finni öryggi og festu. Á skipulagsfundi var rætt um mikilvægi þess að starfsmenn sjálfir séu agaðir í starfi og vakandi inn á deildum þannig að þeir skipta sér á svæði og ræði saman hvernig dagurinn á að ganga fyrir sig. Mikilvægt er að samræma hvernig starfið er á milli deilda og vinna saman sem heild.

4. JÓGA OG SLÖKUN MEÐ ÖLLUM BÖRNUM LEIKSKÓLANS

Jógaæfingar styrkja börn og efla samhæfingu, styrk, jafnvægi og liðleika. Þær hafa róandi áhrif á börn í dagsins amstri og því var markmiðið í vetur að vinna með jóga með öllum börnum leikskólans. Jógakennslan tengist tjáningu, hreyfingu og lífsleikni. Mannauður leikskólans var vel nýttur í þetta verkefni þar sem það var tengt inn í hvílustundir, hreyfistundir og vinastundir.

Ánægja meðal starfsmanna var með **Jóga og slökun** sem tengd var inn í hreyfistundir en í endurmati kom fram að mikilvægt er fyrir ró og frið að virða vinnu barna í salnum og sýna

tillitsemi í umgengni um hann á meðan hreyfistundin er. Það mætti jafnvel fjölga slökunarstundum yfir daginn og auka framboð af slökunartónlist. Jóga var talið hafa góð áhrif á börnin þannig að þau finni meiri innri ró og fái tíma og svigrúm fyrir rólegar stundir. Ekki veitir af í þessu hraða nútímasamfélagi sem við búum í og áreiti í stórum barnahópi eru mikil dags daglega.

5. UPPLÝSINGAFLÆÐI TIL FORELDRA – DEILDARSÍÐUR VIRKAR Á HEIMASÍÐU LEIKSKÓLANS, FRÉTTIR OG MYNDIR ÚR STARFINU.

Upplýsingaflæði til foreldra er með ágætum, skrifað er á töflu dag hvern þó það geti að sjálfsögðu stundum gleymst. Mikilvægt er að starfsmenn gefi sér tíma til að kynnst foreldrum og segja frá einhverju varðandi börnin t.d. í lok dags. Við getum gert mun betur í því að koma á framfæri þeim verkefnum sem börnin eru að vinna að hverju sinni inn á deildum t.d. í gegnum heimasíðu eða með því að senda vikupóst varðandi starf deildarinnar og gert starfið þannig sýnilegra. Mikilvægt er að dagskipulag hangi upp á deildum og nöfn og myndir af starfsfólki en misbrestur var á því í vetur. Leikskólastjóri sendir reglulega pósta um það sem er á döfni yfir heildina og það sýnir sig að auglýsa þarf sérstaka viðburði með fyrirvara. Ávallt eru send mánaðarfréttabréf og matseðlar í tölvupósti. Hins vegar voru deildarsíður inn á vefsíðu leikskólans algjörlega óvirkar í vetur og kennum við tímaleysi og þekkingarleysi þar um en starfsfólk hefur mismikinn grunn í slíkri vinnu og fengið mismikla þjálfun í að vinna með heimasíðuna. Nokkuð langt er síðan deildarstjórar fóru á námskeið í að setja efni á heimasíðu og heimasíðuumhverfið hefur breyst töluvert síðan þá. Myndaskráning fyrir ferilmöppur barnanna var ný leið í vetur þar sem við setjum nokkrar myndir af barni í leik og notum sem samræðugrundvöll í foreldraviðtali. Þessi leið tekur tíma en er virkilega skemmtileg og gefur foreldrum frekari innsýn í leik og nám barna sinna. Markmið okkar í vetur var að ná að minnsta kosti tveim myndaskráningum fyrir hvert barn yfir veturinn og náðist það.

Starfsfólk gerir sér grein fyrir að bæta megi upplýsingaflæði verulega enda kom það í ljós í skoðanakönnun Skólapúlsins að foreldrar vilja vita meira hvað börnin eru að fást við í leikskólanum. Hins vegar fannst starfsfólki oft á tíðum að upplýsingaleiðir sem notaðar eru ekki skila sér til foreldra þar sem þeir gefa sér ekki tíma til að lesa það sem frá

skólanum fer. Á næsta ári er vilji fyrir að senda fréttir frá hverri deild fyrir sig og kanna hvort foreldrum hugnist það betur.

ANNAÐ

BREYTINGAR Á DEILDUM

Þetta skólaárið voru þær breytingar gerðar að tvær eldri deildarnar, Kisudeild og Bangsadeild, hættu að vera báðar fyrir 3-6 ára börn og urðu aldursskiptari. Þannig að 4-6 ára börnin eru nú á Bangsadeild og 3-4 ára á Kisudeild. Engar breytingar urðu hins vegar á Kanínudeild aðrar en að nú fylgjast þau öll saman að yfir á miðdeild en er ekki skipt upp á tvær deildir. Þessar breytingar lituðu skólaárið að miklu leiti þar sem starfsmenn voru að aðlaga deildarstarfið í samræmi við þær. Farið var yfir allt leikefni á deildunum, spil og annað kennsluefni til að hafa í samræmi við aldur barnanna á deildunum. Breytingar á aldurshópum hefur gefist vel, börnin eru jákvæð og spennt að vera með jafnöldrum, breiðari vinahópar myndast og jafnvægi eykst í getu og þörfum hópa. Á eldri deild er sem dæmi hægt að gera meiri kröfur í heildina. Í vetur kom sú staða upp á að færa þurfti börn á miðju skólaári á milli deilda en þá þarf að hafa í huga að gefa foreldrum og börnum aðlögunartíma og fyrirvara. Einnig þarf að taka tillit til vinatengsla þegar börnum er skipt á milli deilda.

Um vorið var svo ráðist í að skipta um nöfn á deildum en starfsmenn voru búnir að leggja höfuðið í bleyti yfir veturinn og velta mörgum nöfnum fyrir sér. Sótt var í örnefni í landi Garðabæjar til að finna hugmyndir að nýjum nöfnum en það var fyrirfram ákveðið að velja náttúrnöfn sem tengdust bænum okkar. Margar hugmyndir komu fram í starfsmannahópnum en á endanum var ákveðið að yngsta deildin fengi nafnið Lundur, miðdeildin Holt og elsta deildin Heiði. Mikil sátt var meðal starfsmannahópsins að breyta nöfnunum.

FORELDRASAMSTARF

Mikið er lagt upp úr óformlegum daglegum samskiptum við foreldra og stuðlað er að gagnkvæmum upplýsingum um börnin og starfið.

Í formlegu samstarfi var haldinn foreldrafundur í september, börnin buðu foreldum sínum í morgunmat í október, jólasamvera var í desember að morgni, heitt súkkulaði, bollur og söngur í sal. Feður og afar komu í morgunmat á bóndadegi og mæður og ömmur í morgunmat á góunni tengt konudeginum. Opin vika var í febrúar í tengslum við dag leikskólans þar sem foreldrum gafst kostur á að skrá sig í heimsóknir og vera með börnunum sínum í starfi í leikskólanum. Ópið hús var með breyttu sniði í byrjun maí en það var núna haldið á föstudegi í lok dags í stað laugardags áður sem starfsfólki fannst ganga mjög vel. Góð mæting var á opna húsið og foreldrafélagið stóð vöfluvaktina eins og svo oft áður. Danskennsla var í vetur í boði foreldrafélagsins og buðu börnin foreldrum að fylgjast með síðasta danstímanum. Foreldrafélagið og leikskólinn stóðu fyrir sameiginlegri sveitaferð sem var ákaflega vel sótt og farin á virkum degi en einnig sá foreldrafélagið um sumarhátíð í garðinum þar sem boðið var upp á Sirkus Ísland atriði og pylsur grillaðar.

Kynningarfundur fyrir nýja foreldra var að vanda í maímánuði og var hann vel sóttur. Kynningarfundur fyrir foreldra barna í næstelsta hópnum sem fara í elsta hópinn að hausti var í marsmánuði en þar er kynnt starfið með elstu börnunum. Dræm þátttaka var á þann fund. Sumarhátíð foreldrafélagsins var í garðinum í júní. Við erum að reyna að hafa hæfilega mikið af samverustundum í samstarfinu, að allir finni eitthvað við hæfi án þess að finnast það kvöð.

Haldinn var árlegur foreldrafundur í lok september þar sem starfsáætlun vetrarins var kynnt ásamt þróunarverkefninu um vináttu. Vilji var í foreldrahópnum að fá betri kynningu á verkefninu og var sá fundur áætlaður í febrúar mánuði en féll því miður niður vegna óveðurs. Sérstakur kynningarfundur var því ekki fyrr en í apríl og á hann mættu einungis 12 foreldrar. Þeir sem mættu voru mjög ánægðir með efnið, tóku þátt í verkefnum t.d. klípusögum og ræddu um ýmis málefni eins og reglur varðandi afmælisboð, heimsóknir barna til hvers annars í lok dags og fleira. Verkefnið byggir á samvinnu við foreldra og því er nauðsynlegt að hafa svona fund þar sem vettvangur skapast til umræðu. Hins vegar var leitast við að hafa verkefnið mjög sýnilegt í starfinu, t.d. á opnu húsi, foreldrar gátu verið með í vinastundum í opinni viku í febrúar, efnið haft sýnilegt í sal í foreldrakaffi, pistill birtur í Garðapóstinum og fréttir á heimasíðu.

Skipulögð foreldraviðtöl voru í marsmánuði en lögð er áhersla á að foreldrar séu meðvitaðir um að starfsfólk er ávallt til taks ef ræða þarf málin og hægt að biðja um samtal ef þurfa þykir. Lögð er áhersla á góð dagleg samskipti í upphafi og lok dags. Stefnt er á að hafa tvö

samtöl á næsta skólaári, annað í október og hitt í mars. Í fyrra samtalinu fá foreldrar tækifæri til að ræða líðan barna á nýrri deild ásamt öðrum málum sem þeim liggur á hjarta.

Foreldraráð og foreldrafélag hittist reglulega á fundum yfir veturinn. Mikið samstarf var við foreldraráð í vetur í tilefni að umræðum á foreldrafundi um mönnun leikskólans. Foreldraráð sendi því erindi til leikskólanefndar þar sem áhyggjur varðandi grunnstöðugildi var komið á framfæri. Hafnarfjarðarreglan eða sú reikniforsenda er ræður mönnun í leikskóla og grunnstöðugildapörf er að mati starfsfólks ósanngjörn og ekki til þess fallin að auka gæði leikskólastarfs eins og vilji er til. Fulltrúar foreldraráðs og foreldrafélags eiga þakkir skildar fyrir störf sín í þágu leikskólans.

Foreldrakönnun var framkvæmd á vegum Skólapúlsins á vorönn og rýnt í niðurstöður hennar á skipulagsdegi. Könnun sem þessi gerir starfsfólki kleift að fá utanaðkomandi mat á starfið (frá foreldrum) og þannig hugað að umbótum ásamt því að fá endurgjöf á starfið sem er mikilvægt fyrir alla. Svörun í Skólapúlsinum var góð og niðurstöður því marktækar í flestum spurningum.

STARFSMANNAHALD – NÁMSKEIÐ / ENDURMENNTUN

Á þessu skólaári voru 14 námskeið / fyrirlestrar sem starfsmenn hafa sótt/ tekið þátt í, ýmist einn eða fáir, upp í að allir starfsmenn hafa verið með. Þarna hefur verið fjallað um efni sem styður við starfið í leikskólanum eða nýjungar sem eru áhugaverðar. Sem dæmi um námskeið eru: iPad í almennu leikskólastarfi, tvítýngd börn, liðsheild og jafningjastjórnun, leiklist í leikskóla, boðberi válegra tíðinda, mat á vellíðan og námi í leikskólum, fjölbreytileikinn í leikskólanum og vináttuverkefnið.

Kirkjuból fékk Grænfanann í þriðja sinn þann 11. desember 2014. Það sem bættist við í umhverfisverndinni hjá okkur á því tveggja ára tímabili sem líður á milli þess sem sækja þarf um fánann, var að leikskólinn keypti taubleiur og eru þær notaðar yfir daginn í leikskólanum, þar með fækkar béfbleium sem við hendum í sorpið og sparar foreldrum kaup á bleium. Einnig tók einn starfsmaður leikskólans að sér að sauma fjölnota skóhlífar og þar með minnkaði sorpið og kostnaður við kaup á einnota skóhlífum. Skráning á rafmagnsnotkun og heitu vatni er einnig skráð mánaðarlega, því verður haldið áfram og metið þegar sótt verður

um fánann 2016. Að öðru leyti var haldið áfram með annað umhverfisverndarstarf og er það fastur hluti af heidlarstarfinu.



Kirkjuból var þátttakandi í þróunarverkefninu Virkur vinnustaður, þar sem unnið var með heilbrigði og einng fjarverur vegna veikinda, en því lauk á skólaárinu. Það var lærdómsríkt og gefandi að taka þátt í verkefninu, við áttuðum okkur á því að það eru tiltölulega lítil veikindi á starfsfólki, við hættem að tala um veikindi en horfðum á hversu hraustar við erum, en starfsmannahópurinn er hins vegar að eldast svo nú taka við aðrar áskoranir. Í upphafi verkefnisins var gerð skoðanakönnun á meðal starfsfólksins og kom Kirkjuból mjög vel út úr þeirri könnun. Seinni skoðanakönnunin fór fram í byrjun vetrar og þá kom í ljós að það var ekki eins mikil gleði og ánægja meðal starfsmannanna, þó uppistaðan í starfsmannahópnum væri sá sami. Niðurstaðan var skoðuð og rædd á skipulagsdegi og komið með tillögur að úrbótum.

ÖRYGGIS - OG SLYSAMÁL

Garðurinn er genginn að morgni frá apríl fram í nóvember til að kanna aðstæður áður en börn fara út að leika.

Þann 2. sept. voru öll slökkvitæki leikskólans yfirfarin, 29. sept var eldvarnarkerfi leikskólans yfirfarið og prófað. Slökkvilið höfuð- borgarsvæðisins kom í heimsókn með fræðslu fyrir elstu börnin í október og börnin á elstu deildinni tóku þátt í eldvarnareftirliti í leikskólanum í framhaldi af heimsókn slökkviliðsins.

Mánaðarlegt eldvarnareftirlit er framkvæmt af leikskólastjóra sem sendir skýrslu rafrænt til stjórnstöðvar um eftirlit með eldvörnum.

Slys á börnum:

Alls voru skráð 11 slys á árinu og voru þau öll sem betur fer minniháttar, átta slys urðu í garðinum en þrjú slys inni. Níu slys voru vegna falls, úr leiktæki, á jafnsléttu eða hjóli. Tvö slys voru vegna áverka frá öðrum. Starfsfólk leikskólans hlúði að börnunum, ef það var einhver vafi, var hringt í foreldra, þeim sagt frá og í nokkrum tilfellum var farið á heilsugæsluna til öryggis til að meta hvort þyrfti að bregðast við með einhverjum hætti og fjögur börn fóru í skoðun hjá tannlækni eftir högg við fall. Skoðað var hvort slysin sem urðu í

garðinum væru á svipuðum tíma en svo var ekki, þó urðu fimm slys á tímabilinu 10:30 til 11:15, hin þrjú slysin voru eftir hádegið á tímabilinu 13:35 – 16:15.

HÚSNÆÐI OG VIÐHALD

Inn á deildum voru minniháttar framkvæmdir, skápar lagfærðir og hólf fjarlægð. Starfsfólk og foreldrar eru óánægð með aðstöðu í forstofu á eldri deildum þar sem börnin koma inn á, þar er mjög lítið pláss fyrir föt og skó barnanna, þröngt og erfitt að athafna sig en engar lausnir í sjónmáli utan að byggja við skólann.

Málningarvinna á ytra byrði hússins stóð yfir í júní mánuði 2015 þar sem þakkantar, hurðir og gluggar voru málaðir.

Erfiðlega gekk að eiga við músagang þennan vetur og þurfti að eitra fyrir músum nokkrum sinnum. Þær virtust hafast við á lofti og komast niður í geymslu þar sem loftklæðningu vantaði. Þetta var hvimleitt tímabil, vond lykt og óþrifnaður í geymslu sem varð til þess að starfsfólk tók þátt í allsherjar tiltekt á geymslum. Allt var tekið út úr þeim, allsherjarþrif fóru fram og við losuðum okkur við heilmikið af hlutum sem voru gamlir og ekki í notkun. Þetta var mikið þarfaverk.

Arkitekt kom í leikskólann og tók út eldhúsaðstöðu matráðs. Eldhúsið er barn síns tíma og þarf virkilega að endurgera það með nýja starfshætti og barnafjölda í huga. Vonandi verða lagfæringar gerðar fljótlega sem myndi bæta til muna vinnuaðstöðu í eldhúsi.

Landslagsarkitekt tók út leikvöllinn og fór yfir teikningar af honum í júní. Sama gildir þar að úrbóta er þörf og mikilvægt er að fara vel yfir garðinn, bæta við leiktækjum og endurskipuleggja svæðið í heild sinni. Mikið mæðir á svæðinu, möl er til ama og undirlag orðið lélegt. Malbikið er orðið sprungið og löngu komin þörf á að bæta leiksvæði barnanna. Það verður virkilega spennandi að fá hugmyndir landslagsarkitekts á úrbótum leiksvæðis en að hans mati og starfsmanna er virkilega tími kominn að bæta leikastöðu barnanna á útisvæði.

SAMSTARFSÁÆTLUN LEIK- OG GRUNNSKÓLA - BRÚUM BILIÐ

Í upphafi skólaárs er gerður samstarfsamningur milli Kirkjubóls og Flataskóla um gagnkvæmar heimsóknir og samskipti á milli skólastiganna bæði á haustönn og vorönn en Flataskóli er okkar heimaskóli. Samstarfssamningurinn er góður rammi um starfið og gerir að verkum að markvissara er staðið að samskiptum, skipulagning viðburða er betri og upplýsingaflæði meira. Börnin í elsta hópnum fóru meðal annars í heimsókn í skólann, léku sér á útisvæðinu og heimsóttu bókasafnið. Nemendur Flataskóla komu einnig í heimsókn og létu gott af sér leiða í desember þegar þau komu og lásu fyrir börnin. Sérlega ánægjulegt er að fá heimsóknir frá gömlum nemendum Kirkjubóls og fá að fylgjast með þeim þroskast og dafna. Leikskólabörnin heimsóttu jafnframt Krakkakot og fóru í vorskóla bæði í Flataskóla og Hofstaðaskóla. Auk þessa fóru börnin ásamt öðrum börnum leikskólans í óskipulagðar gönguferðir á leikskvæði við bæði Flataskóla og Hofstaðaskóla, farið var tvisvar sinnum í íþróttahúsið í Ásgarði og nágrenni skólanna skoðað. Telja má að það auki öryggi barnanna talsvert að þekkja sig í nýja skólaumhverfinu þegar þau byrja í 1.bekk.

Samstarf var við grunnskólakennara er varða upplýsingar sem færast á milli skóla en leikskólinn nýtti sér hugmynd að eyðublaði sem leikskólakennarar á Bæjarbóli höfðu útbúið. Á því blaði koma fram upplýsingar frá barninu sjálfu, foreldrar eru virkir þátttakendur í þessu ferli og einnig eru þar upplýsingar frá leikskólakennurum. Þetta fyrirkomulag heppnaðist vel og spennandi verður að fylgjast með þróun ferilmappa innan leikskólans og fá endurgjöf frá grunnskólakennurum varðandi eyðublaðið.

Heilmikið starf er unnið með elstu börnunum og þar finnst leikskólakennrum hafa reynst vel í vetur að hafa hópinn saman á einni deild. Hins vegar var oft á tíðum erfitt að púsla dagskipulagi saman en hópastarf var í samvinnustundum, hreyfistundum, markvissri málörvun, vinastundum og vettvangsferðum.

LOKAORÐ

Fram kom í endurmati á vetrarstarfi að starfsfólki fannst veturinn erfiður með þeim breytingum sem innleiddar voru og talin þörf á að efla samstarf og samræma vinnubrögð á milli deilda. Vanda þarf aðlögunferli barna á milli deilda, bæði að hausti og ekki síður þegar kemur að óvæntum flutningum á miðju skólaári. Þar þurfa allir að vera vel upplýstir því það

er viðkvæmt fyrir börn og foreldra að vera óvænt færður frá vinum, starfsfólki og því öryggi sem þau eru ef til vill nýbyrjuð að finna á deild. Næsta vetur er vilji fyrir að halda áfram með vináttuverkefnið og vinna með fjölgreindirnar.

Í starfi með börnunum er mikilvægt að leggja áherslu á góðan aga og á einkunnarorðin okkar. Gott væri að fara í frekari vinnu með agamál og jafnframt finna tíma til að ræða og vinna með einkunnarorðin, virðingu, vináttu og væntumþykju, rifja upp hvað þau þýða fyrir okkur öll og jafnvel endurskoða markmið og leiðir ef þurfa þykir.

Mikilvægi góðrar samvinnu og samskipta á milli starfsmanna er eitthvað sem nefnt var í endurmati. Þannig þarf starfsfólk að tala saman, taka á málum sem upp koma og leita lausna. Aukin samvinna á milli deilda getur gefist mjög vel eins og við höfum fundið í vetur t.d. með hreyfistundir á yngri deildum og varðandi útiveru. Horfa þarf til þess að nýta mannauðinn í húsinu og finna leiðir til að efla starfsmannahópinn og styrkja í starfi. Sótt var um styrk í þróunarsjóð leikskóla í Garðabæ til að kynna orkustjórnun fyrir starfsfólki næsta vetur og vinna með starfsmannahópinn í heild sem er að eldast í starfi en ekki varð okkar hlutskipti að þessu sinni að fá þann styrk.

Nú erum við reynslunni ríkari og hefjum nýtt starfsár með þá reynslu í farteskinu. Breytingar reyna á en eru um leið þroskandi og lærdómsríkar. Barnahópurinn er fjölbreyttur og það er starfsmannahópurinn líka sem vinnur af alefli í þágu barnanna. Þetta er reynslumikill hópur sem fer öflugur inn í næsta starfsár.

Marta Sigurðardóttir leikskólastjóri

Anna Bjarnadóttir aðstoðarleikskólastjóri